

Fundargerð umhverfisnefndar

22. nóvember 2018 kl. 9:30

Mætt: Marteinn Bóas, Tómas Ingi, Agnar Ingi, Ronja, Einar Ási, Stefanía, Unndís, Freyja, Helena, Sigga Lára og Þórdís sem ritar fundargerð.

1. Helena býður alla velkomna á fund og fer yfir það sem búið er að gera í umhverfisverkefnum síðan á síðasta fundi. Nokkrir bekkir tóku þátt í verkefninu „jól í skókassa“, unglíngarnir vilja taka þátt en það vannst ekki tími. Þarf að skipuleggja tímanlega fyrir næsta ár. Helena bendir á að það er hægt að taka þátt í hjálparstarfi með fleiri leiðum en bara „jól í skókassa“.
2. Það er hefð fyrir því í byrjun desember að vera með matarvigtunarviku til að takast á við matarsóun. Rætt um að matarsóun sé orðið meira vandamál en plastmengun. Vigtaður verður morgunmatur og hádegismatur.
3. Farið yfir umhverfissáttmálann. Breytingar voru gerðar á sáttmálanum í fyrra og nokkrar orðalagsbreytingar í ár. Á fundinum er verkefnið að búa til plakat með umhverfissáttmálanum. Helena fer yfir sáttmálann. Nokkrar umræður um punktana.

Þórdís Þórisdóttir